

Starfsgreinaráð	Upplýsinga-og fjölmiðlagreinar
Starfsheiti	Ljósmyndun
Dagsetning	14. júní 2021
Útgáfunúmer	1.0

Starfalýsing:

Starf atvinnuljósmyndara greinist í tvö svið: Ljósmyndatöku í ljósmyndaveri og myndatöku á vettvangi. Þessi tvö svið skarast því sami búnaður er notaður þótt viðfangsefni og nálgun séu ólík. Við myndatöku í ljósmyndaveri hefur ljósmyndarinn fullkomna stjórn á aðstæðum og vinnur af nákvæmni með ljós, uppstillingar og blæbrigði. Við myndatöku á vettvangi leitast ljósmyndari við að hagnýta sér umhverfisþætti, segja fréttir, fanga náttúru og landslag svo nokkuð sé nefnt. Skipta má ljósmyndun í undirgreinar eftir viðfangsefnum svo sem persónuljósmyndun, fréttaljósmyndun, iðnaðar- og auglýsingaljósmyndun og drónaljósmyndun. Undirgreinar ljósmyndunar er hægt að stunda eftir atvikum í ljósmyndaveri eða á vettvangi. Greinarnar skarast og ljósmyndari þarf oft að kunna skil á mörgum undirgreinum. Margir ljósmyndarar hafa einnig lagt fyrir sig ljósmyndaleiðsögn og þjónustu við ferðamenn, kennslu í ljósmyndun og námskeiðshald. Listræn ljósmyndun er samofin faginu og nær hámarki með sýningarhaldi og myndgerð fyrir ljósmyndabækur. Mjög sérhæfð ljósmyndun fer fram á stofnunum, spítölum og rannsóknastofnunum við skrásetningu upplýsinga, vísinda- og heimildavinnu og önnur svið þar sem myndefni er notað til að koma boðskap til skila á faglegan hátt. Myndvinnsla og eftirvinnsla ljósmynda er stór þáttur í starfi ljósmyndara auk vefsíðu- og hreyfimyndagerðar sem eru vaxandi svið í vinnu margra ljósmyndara. Mikilvægt er að ljósmyndarar kunni skil á geymslu mynda, stafrænna gagna og filma og að viðskiptavinir geti gengið að gögnum vísun nú og um ókomna tíð þar eð ljósmyndir eru mikilvægar heimildir um tíðaranda og sögu samfélags.

Hæfnikröfur:

Beitir ljósmyndavél og tilheyrandi búnaði við ólíkar og óvæntar aðstæður með hliðsjón af fjölbreyttum forsendum.

Beitir margvíslegum tækjabúnaði s.s. ljósabúnaði og aðferðum við myndatökur í myndveru og á vettvangi.

Þekkir grunnlögmál ljós-, linsu- og litafræði. Þekkir vel tjáningarmöguleika ljósmyndunar og góða myndbyggingu.

Getur beitt helstu myndvinnsluforritum og hefur góða innsýn í alla þætti grafískrar miðlunar. Þekkir einnig mismunandi aðferðir við eftirvinnslu mynda í tölum.

Er fær um að skipuleggja og framkvæma myndatökur með öðrum fagaðilum.

Hefur tileinkað sér tækni við eftirvinnslu mynda til útprentunar eða birtingar á vef og öðrum skjámiðlum.

Hefur vald á stafrænni ljósmyndataekni og þekkingu á filmutækni.

Vinnur við myndasöfn með hliðsjón af forsendum myndaritstjórnar, siðfræði og höfundarrétti.

Varðveitir og skráir myndefni á öruggan hátt.

Tileinkar sér hugtök eins og rekstur, arðsemi, þjónusta og gæðavitund.

Kann skil á rekstri fyrirtækis sem sjálfstætt starfandi ljósmyndari.

Býr yfir faglegri hæfni, ábyrgð, sjálfstæði og færni í mannlegum samskiptum.

Sýnir fagmennsku og siðferðisvitund og starfar í samræmi við siðareglur greinarinnar og vinnustaðarins.
Þekkir og fer eftir lögum og reglugerðum tengdum faginu, s.s. reglum um höfundarrétt og vinnuvernd, ásamt því að vinna að heilindum og viðhafa trúnað gagnvart viðskiptavinum.
Þekkir leiðir til sjálfbærni og umhverfisverndar og fylgir vistvænum viðmiðum í starfi, við efnisval tengt prentiðnaði og pappír.
Kann rétt viðbrögð við neyðaraðstæðum og er fær um að veita skyndihjálp ef slys eða óhöpp ber að höndum.
Vinnur eftir gæðaviðmiðum, þekkir mikilvægi öryggisvarna, helstu orsakir vinnuslysa og þær reglur sem gilda um vinnuvernd, m.a. um rétta líkamsbeitingu.
Hefur réttindi til að stýra dróna